

**Þinggerð 61. ársþings KSÍ,
haldið á Hótel Loftleiðum, 10. febrúar 2007**

Þingið setti formaður KSÍ, Eggert Magnússon, 10. febrúar kl. 11:00 og mælti svo:

Ágætu gestir, góðir þingfulltrúar, kæru félagar.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin á 61. ársþing KSÍ. Árið 2007 er mikið hátíðarár fyrir okkur öll þar sem Knattspyrnusamband Íslands fagnar 60 ára afmæli á árinu. Enn á ný kemur knattspyrnuhreyfingin saman til að móta stefnu og taka mikilvægar ákvarðanir um knattspyrnuna á Íslandi. Það er ávallt tilhlökkun þegar ársþing nálgast að eiga í vændum að hitta alla félagana í hreyfingunni og fá tækifæri til að ræða við þá um okkar sameiginlega áhugamál, knattspyrnuna. Það hefur ávallt verið mikil reisn yfir knattspyrnuþingum. Þar hefur farið fram virk og líflæg umræða um málin, stundum hafa orðið hressileg átök sem endað hafa með málamiðlun, en alltaf hefur markmið allra þingfulltrúa verið skýrt – að gera knattspyrnuna á Íslandi sterkari til framtíðar. Þó að við séum ekki alltaf sammála um málin og deilum um áherslur, þá sameinumst við öll um það takmark okkar að gera knattspyrnuna á Íslandi betri og byggja áfram upp sterka knattspyrnuhreyfingu. Ársþing KSÍ er ekki bara umfjöllun um lög og reglur og þá starfsemi sem fer fram innan vébanda sambandsins. Það er vettvangur skoðanaskipta. Menn kynnast, heyra sjónarmið annarra víðs vegar af landinu og eiga auðveldara með að starfa saman í hreyfingunni eftir að hafa kynnst og skipst á skoðunum. Ef til vill er þetta ekki síður mikilvægt en þingstörfin sjálf. Þetta hefur verið hinn sívirki og lifandi vettvangur knattspyrnuþinga í sex áratugi. Á ársþingum förum við yfir þá hluti sem við höfum verið að vinna að á yfirstandandi ári og mótum jafnframt stefnu knattspyrnuhreyfingarinnar fyrir næsta ár og framtíðina. Að afloknu keppnistímabili setjast menn niður og gera upp árangurinn, fara yfir það sem miður hefur farið og einnig það sem vel hefur til tekist. Við metum árangurinn miðað við sett markmið, endurskoðum leikaðferðir og skoðum lokaniðurstöður. Eitt af því sem gerir knattspyrnuna svo töfrandi er að það er enginn lokaáfangi. Framundan er ávallt nýtt keppnistímabil, nýtt mót, ný eftirvænting, ný markmið að setja sér. Góðir sigrar kalla á áframhaldandi velgengni. Ef miður hefur gengið er markmiðið sett hærra – það gengur bara betur næst. Í knattspyrnunni eru ávallt nýir tímar framundan, ný mót, ný verðlaun, ný tækifæri og ný markmið að setja sér.

Ég hef verið formaður KSÍ í tæp 18 ár, var kosinn í byrjun desember 1989. Langur tími gæti einhver hugsað, en fyrir mér er eins og það hafi gerst í gær. Tíminn hefur liðið hratt, því verkefnið hafa alltaf verið óþrjótandi. Þetta hefur verið mikill hamingjutími í lífi mínu. Það hefur alltaf verið mín skoðun að það hafi verið forréttindi fyrir fótboltakarlar eins og mig að fá að vera formaður ykkar öll þessi ár. Ég hef aldrei litið á það sem erfiðar skyldur með miklu álagi að vinna þetta starf. Þvert á móti hefur það fært mér mikla gleði og ánægju, sérstaklega þegar góðir sigrar hafa unnist, bæði innan og utan vallar. En það er líka óhætt að segja að það hefur aldrei verið lognmolla í kringum þennan karl sem hér stendur. Ég hef ávallt verið þannig að ég hef viljað láta verkin tala. Ég er framkvæmdamaður og mér liggur yfirleitt mikið á. Stundum fer ég hraðar en umhverfið skynjar og skilur. Ég geri mér grein fyrir því að það hefur oft gustað um formann KSÍ þessi ár, en ég hef verið ánægður með það, því það þýðir að það hefur eitthvað verið framkvæmt og tímamótaákvæðanir verið teknar. Það er mikilvægt fyrir KSÍ að hafa formann sem þorir að taka ákvarðanir og fylgja þeim eftir. Eitt get ég fullvissað ykkur öll um. Ég hef alltaf lagt mig 110% fram í störfum mínum fyrir KSÍ og ykkur öll. Ég horfi stoltur yfir þann árangur sem við höfum náð á síðustu 18 árum. En árangurinn er að sjálfsögðu ekki bara mitt verk. Ég hef átt því láni að fagna að með mér hefur alltaf starfað úrvalsfólk, bæði stjórnarmenn og starfsfólk. Þið eigið mestan heiðurinn skilinn að hafa haldið út með þessum erfiða karli öll þessi ár.

Ég hef alla tíð lagt mikla áherslu á að KSÍ sé vel rekið fjárhagslega. Það er mér því sérstök ánægja að greina frá því hér að rekstrarafkoma síðasta árs er sú besta í sögu sambandsins með hagnað upp á 99,3 milljónir króna og ég er mjög stoltur af því að skila af mér síðasta árinu sem formaður KSÍ með methagnaði.

Uppbyggingu þjóðarleikvangsins, Laugardalsvallar, er að ljúka um þessar mundir. Verið er að leggja lokahönd á verkið og er óhætt að segja að vel hafi til tekist. Það þarf í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi þessarar endurbyggingar fyrir KSÍ og knattspyrnuhreyfinguna alla. Í stuttu máli felast framkvæmdirnar í því að eldri stúka Laugardalsvallar, vesturstúkan, hefur verið stækkuð til norðurs og suðurs og einnig bætt við sætum fyrir framan eldri stúkuna. Þá hefur verið byggt nýtt hús á bak við vesturstúkuna, alls um 3000 m². Á jarðhæð hússins er móttaka áhorfenda og ýmis veitingaaðstaða. Skrifstofa KSÍ er á 2. hæð og á 3. hæð er funda- og fræðslumiðstöð sem einnig nýtist sem móttaka fyrir gesti á stærri leikjum. KSÍ aflaði hárra

styrkja frá UEFA og FIFA í þessa framkvæmd sem var í raun forsenda þess að fjármunir fengust í þetta verkefni frá ríkisvaldinu og Reykjavíkurborg. KSÍ undirritaði síðan á sínum tíma samning við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar til ársins 2025. Endurbyggður Laugardalsvöllur rúmar um 10.000 áhorfendur í sæti eftir breytingar. Aðkoman á völlinn er beint frá aðalbílastæðinu og öll aðstaða til móttöku gesta hefur breyst til betri vegar og gerir okkur kleift að fá meiri tekjur af sölu miða til fyrirtækja og gesta þeirra. Langþráð takmark er í höfn. - Nýr Laugardalsleikvangur sem uppfyllir kröfur nútímans og stenst samanburð við aðra nútímaleikvanga. Um leið og því takmarki er náð er rétt að setja ný markmið – í næsta áfanga eigum við að loka hringnum með stúkum fyrir báða enda Laugardalsvallar og setja stefnuna á að því verði lokið árið 2010. Ég vil enn á ný þakka öllum þeim sem hafa hjálpað Knattspyrnusambandi Íslands að gera þennan draum að veruleika og koma málinu farsælega í gegnum hinn pólitíska ólgusjó hjá ríki og borg.

Sparkvallaátak KSÍ, sem hófst árið 2004, hélt áfram á árinu 2006 og hafa nú verið byggðir um 80 sparkvelli víðs vegar um landið. Næstum allir hafa verið staðsettir við skóla þannig að nálægðin við æskuna sé sem mest. Þetta verkefni er stærsta og vinsælasta útbreiðsluátak sem Knattspyrnusambandið hefur staðið fyrir fyrr og síðar. Það hefur vakið mikla ánægju hjá sveitarstjórnarmönnum og foreldrum að sjá sparkvelli rísa hringinn í kringum Ísland. Og nýtingin er frábær, víða er verið að spila fótbolta á þessum völlum kvölds og morgna. Þetta verkefni byrjaði með rausnarlegu framlagi á 50 ára afmæli UEFA og KSÍ gerði verkefnið síðan að stórátaki með því að fá samstarfsaðila til liðs við sig, auk rausnarlegs framlags frá fjárlaganefnd og ríkisvaldinu. Stefnan er sett á að ljúka byggingu meira en 100 sparkvalla fyrir lok þessa árs, 60 ára afmælisárs KSÍ. Það yrði hreint ótrúlegt ævintýri ef það tækist og með því teljum við að þörfinni sé fullnægt í bili. Jákvæðara framtak en þetta er erfitt að hugsa sér og hefur það styrkt mjög jákvæða ímynd KSÍ um allt land. Verkefnið hér á landi hefur vakið mikla athygli bæði á Norðurlöndum og víða í Evrópu, hve vel KSÍ hefur tekist til með þetta sparkvallaverkefni og gert það að stórátaki í útbreiðslu, og hef ég víða á ferðum mínum verið spurður í þaula um uppbyggingu þessa átaks á Íslandi.

Allt frá því ég tók við stöðu formanns KSÍ árið 1989 hef ég lagt mikla áherslu á mannvirkjamálin og um þau mál hefur verið mikill einhugur innan stjórnar KSÍ, sem og hreyfingarinnar allrar. Aðstaða knattspyrnufólks, hvort sem er leikmanna eða stuðningsmanna, hefur stórbatnað á síðustu árum, en þó má margt betur fara og sums staðar gengur erfiðlega á fá sveitarfélög til liðs við knattspyrnufélögin í þessum málum. Mikil bylting hefur orðið á aðstöðu leikmanna til iðkunar yfir vetrartímann með tilkomu knattspyrnuhúsanna og verður áhugavert að sjá hvaða áhrif sú uppbygging mun hafa til langtíma á þjálfun og uppeldi ungs knattspyrnufólks. Hins vegar hefur sums staðar gengið hægt að bæta aðstöðu stuðningsmanna og hins almenna áhugamanns um knattspyrnu, þó víða hafi sú aðstaða batnað verulega og allt horfi það til betri vegar í náinni framtíð. Þar er ekki síst um að þakka tilkomu leyfiskerfis KSÍ, þar sem kröfur um ákveðna lágmarksaðstöðu þessa mjög svo mikilvæga hóps eru settar fram. Áhorfendur og stuðningsmenn eiga það einfaldlega skilið að fá betri aðstöðu á knattspyrnuleikjum. Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum 13. janúar síðastliðinn að leggja 100 milljónir króna í svokallaðan mannvirkjasjóð og er hugmyndin sú fá ríkisvaldið til að koma myndarlega inn í þennan sjóð með fjármuni ásamt KSÍ, þannig að knattspyrnufélög og þeirra sveitarfélög sem hyggja á framkvæmdir til uppbyggingu mannvirkja fyrir iðkendur og aðra lykilhópa í knattspyrnuhreyfingunni geti sótt um styrkveitingar úr þeim sjóði. Það er von mín að þessi sjóður gegni lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu sem mun eiga sér stað í þessum málum í framtíðinni.

Í nokkur ár hefur verið fjórleg umræða innan knattspyrnuhreyfingarinnar um fjölgun liða í deildum. Um þetta mál hefur verið fjallað á þingum, skipaðar millipínganefndir sem skilað hafa álitum og á þinginu 2005 var skipuð millipínganefnd sem falið var að – *“móta framtíðarstefnu í gerð og hönnun leikvalla á Íslandi þannig að lengja megi keppnistímabilið og hefja það fyrr á vorin”*. Á ársþinginu 2006 lagði ég til stjórn KSÍ yrði falið að koma með heildartillögum í þessum efnum bæði hvað varðar framtíðarskipulag deildarkeppninnar, fjölgun liða og kröfur til mannvirkja í því sambandi. Það er tímabært að móta framtíðarstefnu í þessum málum. Það var og er ljóst í mínum huga að um leið og sú framtíðarsýn er mótuð, þarf um leið að setja ákveðinn tímaramma til að leikvangar félaganna fullnægi skilyrðum sem sett yrðu sem forsenda fjölgunar í þeirri deild eða þeim deildum. Ég sagði þá að eðlilegt væri að fyrstu tillögum yrði lagðar fyrir formannafund um haustið og síðan fullmótaðar tillögur fyrir ársþing á 60 ára afmæli KSÍ árið 2007. Stjórn KSÍ kom fram með tillögu um breytingu á mótafyrirkomulaginu, sem gekk talsvert lengra en menn höfðu gert ráð fyrir í byrjun. Sú tillaga gerði ráð fyrir þrefaldri umferð í Landsbankadeild karla og yrði fyrsta umferðin af þremur leikin í knattspyrnuhúsum á vorin. Tillagan var síðan rædd ítarlega á formannafundi í haust og í kjölfarið ákvað stjórn sambandsins að leggja fram tillögu á ársþingi KSÍ 2007 um fjölgun liða í Landsbankadeild karla, 2. deild karla og Landsbankadeild kvenna.

Sú tillaga gengur út á að skapa eins mikla einingu innan knattspyrnuhreyfingarinnar um framtíðarskipan deildarkeppninnar og mögulegt er. Samkvæmt tillögunni verða þá 12 lið í þremur efstu deildum karla og 10 lið í efstu deild kvenna. Á síðasta ári var stórt skref stigið í þessum málum þegar ársþingið samþykkti fjölgun liða í 1. deild úr 10 í 12, og verður spennandi að sjá hvernig til tekst næsta sumar. Ljóst er að um er að ræða gríðarlega stóra breytingu á fyrirkomulagi þessara landsdeilda og er ég sannfærður um að þessar breytingar muni skila sér í enn öflugari deildarkeppni karla og kvenna í framtíðinni.

Árið 2006 var hið fyrsta sem A-landslið karla var undir stjórn Eyjólfss Sværissónar. Riðillinn sem Íslands er í er skipaður geysisterkum liðum og ljóst að um marga erfða leiki verður að ræða. Undankeppni EM 2008 hófst vel, með frábærum útisigri gegn Norður- Írum, en í kjölfarið komu þrír ósigrar, þar af einn skellur í Lettlandi. Að mínu mati er þetta ekki viðunandi árangur. Við hefðum þurft að ná stigi eða stigum á heimavelli og voru reyndar óheppnir að ná ekki einhverju út úr leiknum geng Svíum hér á Laugardalsvelli. Á þessu ári leikum við tvisvar gegn Liechtenstein og eigum að auki heimaleiki gegn Lettum, Norður-Írum og Spánverjum, þannig að Eyjólfur og hans menn ættu að geta náð nokkrum stigum í hús. Takmarkið hlýtur að vera 12 stig í ár.

Kvennalandsliðið, sem lék sinn 100. leik á árinu, átti möguleika á að veita Svíum keppni um efsta sæti riðilsins í undankeppni HM 2007. Sá möguleiki var hins vegar úr sögunni eftir tap gegn Tékkum á Laugardalsvellingum. Engu að síður er kvennalandsliðið okkar topp 20 lið á heimsvísu og á að mínu mati raunhæfa möguleika á að komast í lokakeppni stórmóts á næstu árum. Með það fyrir augum hefur markmiðið verið sett á lokakeppni EM 2009 og ákvað stjórn KSÍ á fundi sínum 13. janúar sl. að kvennalandsliðið fái 10 milljóna kr. afreksstyrk komist liðið í úrslitakeppni EM 2009 sem skiptist milli þeirra leikmanna sem taka þátt í riðlakeppninni. Fyrsti leikur kvennalandsliðsins í riðlakeppni undir stjórn nýs landsliðsþjálfara Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar, sem við bindum miklar vonir við, verður gegn Grikklandi ytra 31. maí nk. Stjórn KSÍ ákvað jafnframt að jafna dagpeningagreiðslur til karla- og kvennalandsliðsins. Á mínum tíma sem formaður hef ég lagt mikla áherslu á eflingu kvennaknattspyrnu og tel að nú þegar ég er að láta af starfinu hafi raunar þrekvirki unnist á þessu tímabili - ótrúlega miklar framfarir, fjölgun leikja í mótum innanlands, fjölgun landsliða og landsleikja og mikil fjölgun iðkenda - staðan er allt önnur í dag en hún var fyrir 20 árum. Umræða um kvennaknattspyrnu og gagnrýni á stöðu hennar er oft óréttlát og þar hafa kannski látið hæst ýmsir hagsmunaaðilar sem hefðu gjarnan mátt sýna meiri beinan stuðning við framgang kvennaknattspyrnunnar, frekar en bara að gagnrýna það sem þeim fannst miður fara. Oft á tíðum skella þessir aðilar gagnrýni fram, en eru síðan ekki tilbúnir til að aðstoða okkur, t.a.m. við að herja á stjórnvöld og aðra og að sækja nauðsynlega fjármuni og stuðning.

Á 60 ára afmælisárinu sem nú er gengið í garð mun KSÍ halda úrslitakeppni EM U19 landsliða kvenna. Um er að ræða eitt allra stærsta og metnaðarfullsta verkefni sem KSÍ hefur ráðist í og verður mjög spennandi að sjá hvernig tekst til. Ljóst er að uppgangurinn í kvennaknattspyrnunni hér á landi er mikill og ör, og svo verður áfram á komandi misserum.

Kvennalið Breiðabliks hélt uppi merkjum íslenskra félagsliða í Evrópukeppnum á árinu með góðum árangri í UEFA-bikar kvenna. Blikastúlkur unnu sannfærandi sigur í sínum riðli í 1. umferð keppninnar og tryggðu sér sæti í 8-liða úrslitum með því að ná 2. sætinu í milliriðli, á eftir einu sterkasta félagsliði Evrópu í kvennaknattspyrnunni, þýska liðinu Frankfurt. Í 8-liðum mætti Breiðablik hins vegar ofjörlum sínum í enska liðinu Arsenal. Greinilegt er að íslensk kvennaknattspyrna er á réttri leið og framtíðin er björt. Með öflugri þjálfun og markvissri uppbyggingu gætu félagslið okkar náð enn lengra á næstu árum.

Ég hef haft ákveðnar áhyggjur af árangri karlaliðanna okkar í Evrópumótum félagsliða undanfarin árin, því það verður að segjast eins og er að hann hefur verið heldur slakur, þó liðin okkar hafi sýnt ágæta leiki á liðnu ári. Við þurfum að fara að brjótast í gegnum forkeppnina og komast í aðalkeppnir þessara móta til að styrkja stöðu íslenskra félagsliða á Evrópskan mælikvarða.

Ég óska öllum til hamingju sem unnu til góðra sigra á liðnu keppnistímabili. FH varð Íslandsmeistari í Landsbankadeild karla þriðja árið í röð, sannarlega frábær árangur hjá félaginu. Keflvíkingar urðu VISA-bikarmeistarar karla með glæsilegum sigri í úrslitaleik á Laugardalsvellingum. Þá vann sýndi Valur styrk sinn í kvennaflokki með því að vinna tvöfaldan sigur, í Landsbankadeild og VISA-bikar. Sérlega glæsilegur árangur. Ekki er hægt annað en að nefna sérstaklega ótrúlega frammistöðu Margrétar Láru Viðarsdóttur með Valsliðinu, sem skoraði fáheyrðan fjölda marka á keppnistímabilinu.

Öllum sem urðu Íslandsmeistarar, bikarmeistarar eða unnu sig upp um deild óska ég innilega til hamingju.

Menntun íslenskra knattspyrnuþjálfara hefur aukist verulega á síðustu árum. Á árinu voru á fjórða hundrað knattspyrnuþjálfarar útskrifaðir af námskeiðum á vegum KSÍ. Þar af sóttu auðvitað einhverjir fleiri en eitt stig. KSÍ bauð í fyrsta skipti upp á öll 7 þjálfarastigin á einu ári og var þetta starfsár það fyrsta eftir að KSÍ fékk leyfi til að veita bæði UEFA-B og UEFA-A þjálfaragráður. Sífellt fleiri sækja sér bæði grunnmenntun og framhaldsmenntun í þessum fræðum og er það vel, þar sem slíkt getur einungis styrkt stöðir íslenskrar knattspyrnu til langtíma titið. Betur menntaðir þjálfarar munu skila sér í betri þjálfun ungra leikmanna, og þar með betri leikmönnum framtíðarinnar.

Rekstrarafkoma ársins 2006 var svo sannarlega glæsileg, eins og ég kom inn á hér fyrir í ræðu minni. Heildartekjur KSÍ samstæðunnar á árinu voru 516,5 milljónir kr. og heildargjöld voru 417,2 milljónir kr. Hagnaður varð því 99,3 milljónir kr. Í ljósi þess ákvað stjórn KSÍ að greiða sérstakt framlag til aðildarféлага af hagnaði, alls 16,1 milljón kr. Niðurstaða ársins varð því jákvæð sem nam 83,2 milljónir kr. Rekstrarhagnaður af reglulegri starfsemi var 19,3 milljónir kr. Rekstrartekjur voru 377 milljónir kr., en rekstrargjöld 357,7 milljónir kr. Rekstrartekjur voru 7% umfram áætlun, en rekstrargjöldin voru 2% umfram áætlun. Eins og mörg undanfarin ár voru fjármunatekjur stór liður í afkomu KSÍ. Á árinu 2006 námu þær 103,8 milljónum kr., en fjármagnsgjöld voru 14,3 milljónir kr. Þriðja árið í röð voru lagðir fjármunir í sparkvallagerð vítt og breitt um landið. Á árinu 2006 voru lagðir 12 vellir og þá hafa alls verið lagðir 76 vellir. Kostnaður við sparkvallaátakið er nú alls rúmlega 180 milljónir kr. Rekstrarafkoma KSÍ samstæðunnar er sú besta í sögu sambandsins og eigið fé hennar var í lok árs 2006 orðið 280,6 milljónir kr. Eins og fram hefur komið mun KSÍ verja 100 milljónum kr. af eigið fé í mannvirkjasjóð. Ég er mjög stoltur af að geta skilað af mér KSÍ með svona glæsilega fjárhagsstöðu. Ég færi gjaldkera, framkvæmdastjóra og fjármálastjóra sérstakar þakkir fyrir frábæran árangur. Ég tel mjög mikilvægt að þeir sem nú taka við stjórnartaumunum í Knattspyrnusambandinu gæti áfram hófs í fjármálum þess og tryggi að eigið fé KSÍ sé ávallt nægilegt til að viðhalda sama öflugna starfi ef allt í einu kemur slæmt árferði í knattspyrnuheiminum og tekjurnar minnka snögglega.

Ársþing KSÍ hafa löngum borið þess merki að hér hafa mætt vaskir forystumenn með ákveðnar skoðanir, tilbúnir til að berjast fyrir heildarhagsmunum knattspyrnuhreyfingarinnar. Svo lengi sem ég man eftir knattspyrnuþingum hafa menn verið hreinskilnir í umræðum, tekist á um málefni og skilið sáttir að leikslokum. Ég sagði hér í upphafi ræðu minnar að ársþing KSÍ hefðu lengi haft á sér orð fyrir að þar mættu vígreifir forystumenn með mjög ákveðnar skoðanir. Ég hef starfað lengi í þessari góðu hreyfingu og svo lengi sem ég man eftir knattspyrnuþingum hafa menn þar verið hreinskilnir í umræðu, tekist á um málefni og skilið sáttir að leikslokum. Hér eru rædd stefnumál hreyfingarinnar, framtíð með hliðsjón af fortíð. Ég skora á ykkur öll að hugsa fyrst og síðast um hag heildarinnar og láta ekki dægurþras og einkahagsmunapot stýra gerðum ykkar. Það á að vera stormasamt á ársþingum, það á að vera líf og kraftur í hreyfingunni, í mínum huga eru átök alltaf undanfari framfara. Tökumst nú saman á við þau málefni og þau störf sem bíða úrlausna, knattspyrnuhreyfingunni til framdráttar. Að lokum vil ég þakka ykkur forystumönnum íslenskrar knattspyrnu fyrir heilladrjúg og mikilvæg störf í þágu hreyfingarinnar á liðnu starfsári. Án ykkar mikla starfs og ósérhlífni væri knattspyrnan á Íslandi ekki í því ótvíræða forystuhlutverki sem hún er í í íslensku íþróttalífi. Í ykkar hópi eru margar hetjur og kraftaverkamenn sem halda starfinu gangandi ár eftir ár.

Nú þegar ég læt af formennsku í KSÍ eftir tæp 18 ár er mér fyrst og fremst þakklæti í huga að hafa fengið að starfa að mínu stóra áhugamáli og í forystu þessarar öflugra hreyfingar allan þennan tíma. Hreint ótrúlega skemmtilegur tími. Ég hef eignast fjölda vina í þessari hreyfingu, bæði hér heima og erlendis. Fyrir allt þetta er ég þakklátari en orð fá lýst. Ég hef áður sagt og vona að þið öll, forystufólkið, séuð mér sammála um að það séu forréttindi að fá að vera forystumaður í þessari skemmtilegu íþrótt, knattspyrnunni. Hafið öll miklar þakkir fyrir þann mikla stuðning sem þið hafið sýnt mér á síðustu 18 árum.

Nú bið ég ykkur að takast saman á við þau störf sem bíða úrlausnar á þessu þingi til framfara í íslenski knattspyrnu. Hér störfum við saman af drenglyndi og heilindum.

61. ársþing KSÍ, á sextugsafmæli sambandsins, er sett.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Rúnar Arnarson, formaður, ÍRB
Einar Kr. Jónsson, UMSK
Eiríkur Einarsson, ÍBR

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Sveinn Jónsson
2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ingvi Guðmundsson
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

Viðurkenningar

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, veitti Fótbolta.net viðurkenningu fyrir öfluga umfjöllun um knattspyrnu 2006.

Eggert Magnússon afhenti Drago stytturnar, til Vals í Landsbankadeild karla og til HK í 1. deild karla.

Eggert Magnússon afhenti Fjölni kvennabikarinn.

Kosning í kjörnefnd

Kjósa þurfti nýjan nefndarmann í kjörnefnd þar sem Vignir Þormóðsson, ÍBA, bauð sig fram til aðalstjórnar og sagði sig úr kjörnefnd.

Tillaga formanns KSÍ um að Unnsteinn Jónsson, ÍBA, tæki sæti í kjörnefnd var samþykkt.

Ávörp gesta

Eftirtaldir tóku til máls og fluttu kveðjur til KSÍ:

- Ólafur Rafnsson, formaður Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands flutti kveðju til KSÍ. Hann þakkaði Eggerti Magnússyni sérstaklega fyrir hans miklu störf í þágu íþróttahreyfingarinnar.
- Björn Ingi Hrafnsson, formaður ÍTR, flutti kveðju til KSÍ frá Reykjavíkurborg. Hann þakkaði sérstaklega Eggerti Magnússyni samstarfið í gegnum árin.
- Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands flutti kveðju félagsins og þakkaði sérstaklega formanni KSÍ og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf.

Álit kjörbréfanefndar

Rúnar Arnarson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HHF (1): Gunnar Torfason.

Frá HSB (1): Hafsteinn H. Gunnarsson.

Frá HSH (4): Jónas Gestur Jónsson, Hilmar Hauksson, Hafsteinn Garðarsson og Aðalsteinn Snæbjörnsson.

Frá HSK (5): Hermann Ólafsson, Kjartan Björnsson, Guðbjartur Örn Einarsson, Margeir Steingrímsson og Örn Guðmundsson.

Frá HSS (1): Aðalbjörg Óskarsdóttir.

Frá HSV (1): Svavar Þór Guðmundsson.

Frá HSP (3): Guðbjartur E. Jónsson, Pétur H. Pétursson og Jóhann R. Sigurðsson.

Frá ÍA (4): Gísli Gíslason, Örn Gunnarsson, Sigrún Ríkhardsdóttir og Guðlaugur Gunnarsson.

Frá ÍBA (6): Gunnar Gunnarsson, Tómas Lárus Vilbergsson, Vignir Már Þormóðsson, Halldór Áskelsson, Unnsteinn E. Jónsson og Valdimar Pálsson.

Frá ÍBH (8): Jón Rúnar Halldórsson, Pétur Ó. Stephensen, Lúðvík Arnarson, Leifur Helgason, Páll Guðmundsson, Ingvar Magnússon, Ingólfur Finnbogason og Heimir Heimisson.

Frá ÍRB (7): Rúnar V. Arnarson, Jón Örvar Arason, Jón B. Olsen, Oddur Sæmundsson, Leifur Gunnlaugsson, Þórður Karlsson og Andrés Ottósson.

Frá ÍBR (34): Sigrún Jónsdóttir, Hörður Antonsson, Kristinn Steingrímsson, Gylfi Einarsson, Jónas Kristinsson, Guðjón Hilmarsson, Magnús Ingimarsson, Þorlákur Björnsson, E. Börkur Edvardsson, Guðjón Ólafur Jónsson, Björn Guðbjörnsson, Óttthar Edvardsson, Róbert B. Agnarsson, Stefán Geir Þórisson, Eiríkur Einarsson, Kjartan Hjaltsted, Ásgeir Heimir Guðmundsson, Kári Arnórsson, Þröstur Grétarsson, Atli Þór Þorvaldsson, Brynjar Jóhannesson, Finnbjörn Agnarsson, Júlíus Guðmundsson, Magnús Þorsteinsson, Róbert Arnþórsson, Þórður Einarsson, Alfreð Alfreðsson, Guðrún Inga Sívertsen, Finnbogi Hilmarsson, Sigurður K. Sveinbjörnsson, Páll Þór Kristjánsson, Már Árnason, Zakaria Elías Anbari og Steinn Halldórsson.

Frá ÍBS (1): Sigurður Helgason.

Frá ÍBV (4): Viðar Elíasson, Jóhann Georgsson, Gísli Hjartarson og Hjalti Kristjánsson.

Frá ÍS (7): Jónas Þórhallsson, Bjarni Andrésson, Sigurður Gunnarsson, Sigursveinn B. Jónsson, Guðmundur R. Jónsson, Pálmar Guðmundsson og Einar Jón Pálsson.

Frá UÍA (8): Bjarni Ó. Birkisson, Þorvarður Sigurbjörnsson, Elvar Jónsson, Guðmundur Magnússon, Guðmundur Ingvason, Ingimar Guðmundsson, Eiríkur Björgvinsson og Hafþór Atli Rúnarsson.

Frá UMSE (1): Emil Einarsson.

Frá UMSB (1): Valgeir Ingólfsson.

Frá UMSK (15): Einar K. Jónsson, Árni Bragason, Ólafur Björnsson, Svavar Jósefsson, Sigurður Sveinn Þórðarson, María Grétarsdóttir, Liljar Sveinn Heiðarsson, Jóhann Jónsson, Halldór Valdimarsson, Torfi Ólafur Sverrisson, Sigvaldi Einarsson, Grétar Sigurðsson, Ólafur Ólafsson, Pétur Magnússon og Hilmar Sigurðsson.

Frá UMSS (1): Skúli V. Jónsson.

Frá USAH (1): Valgerður Gísladóttir.

Frá USÚ (2): Valdemar Einarsson og Miralem Haseta.

Enginn mætti frá UDN, UÍÓ, UNÞ, USVH og USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar (116) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

Formaður KSÍ, Eggert Magnússon, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.

Gjaldkeri KSÍ, Eggert Steingrímsson, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.

Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 12

Tillögur á þingskjölum 6 til 12 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6

- Geir Þorsteinsson hafði framsögu.

Rekstraráætlun 2007

	Skýr.	Áætlun 2007	Raun 2006	Áætlun 2006
Rekstrartekjur				
Styrkir og framlög	1	190.985.000	174.483.446	169.045.000
Tekjur af landsleikjum		48.000.000	50.447.600	32.600.000
Sjónvarpsréttur		83.924.250	86.262.862	83.924.250
Aðrar rekstrartekjur		21.950.000	23.752.034	20.950.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		44.075.000	42.041.816	45.765.000
Rekstrargjöld				
Kostnaður við landslið	2	(171.439.000)	(136.453.877)	(137.734.500)
Mótakostnaður		(42.000.000)	(38.127.240)	(39.250.000)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	(121.885.000)	(116.514.819)	(107.287.000)
Annar rekstrarkostnaður	4	(11.400.000)	(13.172.889)	(11.700.000)
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		(33.690.000)	(31.614.987)	(30.660.000)
Afskriftir		(27.500.000)	(21.826.058)	(24.000.000)
(Tap) Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld		(18.979.750)	19.277.888	1.652.750
Aðrar tekjur og gjöld				
Styrkir vegna sparkvallaverkefnis		80.000.000	35.763.920	36.000.000
Framkvæmdakostnaður vegna sparkv.		(80.000.000)	(35.763.920)	(36.000.000)
Útgreiðsla til aðildarfélaga		(25.000.000)	(9.444.115)	(23.500.000)
Fjármunatekjur		55.000.000	103.757.308	30.000.000
Fjármagnsgjöld		(10.000.000)	(14.291.995)	(3.100.000)
Hagnaður ársins		1.020.250	99.299.086	5.052.750
Greiðslur af hagnaði til aðildarfélaga			(16.100.000)	
Afkoma ársins			83.199.086	

	Áætlun 2007	Raun 2006	Áætlun 2006
1. Styrkir og framlög			
ÍSí	18.000.000	14.926.038	15.345.000
Getraunir	3.500.000	3.138.997	3.500.000
Norræni Menningarmálasjóðurinn		130.905	1.200.000
UEFA styrkir	93.485.000	71.421.508	70.000.000
FIFA styrkur	17.500.000	18.365.998	16.000.000
Ýmsir styrkir	58.500.000	66.500.000	63.000.000
	190.985.000	174.483.446	169.045.000
2. Kostnaður við landslið			
A-landslið karla	70.095.000	54.062.910	61.986.000
U-21 landslið karla	13.902.000	13.366.764	13.080.000
U-19 landslið karla	10.805.000	8.489.755	8.395.000
U-17 landslið drengja	13.931.000	10.883.777	9.375.000
A-landslið kvenna	24.220.000	18.754.247	14.188.000
U-21 landslið kvenna		3.924.355	4.320.000
U-19 landslið kvenna	16.570.000	5.203.057	6.566.000
U-17 landslið stúlkna	9.143.000	4.552.077	4.657.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	12.773.000	17.216.935	15.167.500
	171.439.000	136.453.877	137.734.500
3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			
Launakostnaður: Yfirstjórn	30.756.700	29.712.934	27.940.800
Launakostnaður: Mótamál	29.228.000	25.998.817	24.448.200
Launakostnaður: Önnur starfsemi	19.465.300	18.570.584	17.463.000
Skrifstofu- og nefndakostnaður	42.435.000	42.232.484	37.435.000
	121.885.000	116.514.819	107.287.000
4. Annar rekstrarkostnaður			
Fræðslukostnaður	8.500.000	10.074.425	8.000.000
Þátttökuleyfi	1.700.000	1.879.369	2.500.000
Ýmis kostnaður	1.200.000	1.219.095	1.200.000
	11.400.000	13.172.889	11.700.000

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7

- Lúðvík S. Georgsson og Steinar Þór Guðgeirsson höfðu framsögu.

Tillaga um ný lög KSÍ**LÖG KNATTSPYRNUMBANDS ÍSLANDS****I. ALMENN ÁKVÆÐI OG HLUTVERK****1. grein - Heiti og staðsetning**

- 1.1. Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSÍ, sem iðka og keppa í knattspyrnu.
- 1.2. Aðsetur og varnarþing KSÍ er í Reykjavík.
- 1.3. Merki KSÍ sýnir fánaveifu og knött fyrir ofan KSÍ skammstöfunina. Merkið er í íslensku fánalitinum, grunnurinn er hvítur, bókstafir bláir, fánaveifa blá, hvít og rauð, og knöttur blár og hvítur.
- 1.4. Fáni KSÍ er hvítur með merki KSÍ í miðju.

2. grein - Hlutverk og tilgangur KSÍ

- 2.1. KSÍ er æðsti aðili knattspyrnumála á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:
 - a. að hafa yfirstjórn íslenskra knattspyrnumála,
 - b. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
 - c. að setja íslenskri knattspyrnu lög og reglur og að framfylgja þeim,
 - d. að sjá til þess að knattspyrnulögunum og reglum KSÍ sé fylgt,
 - e. að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi,
 - f. að standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnu og heiðarlegan leik,
 - g. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnu á Íslandi,
 - h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni.
- 2.2. KSÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnmal og trúarbrögð. KSÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum KSÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættar og stöðu að öðru leyti.

3. grein - Aðild að samtökum

- 3.1. KSÍ er aðili að
 - a. Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ),
 - b. Knattspyrnusambandi Evrópu (UEFA),
 - c. Alþjóðaknattspyrnusambandinu (FIFA).
- 3.2. KSÍ skal leitast eftir því að gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ, UEFA og FIFA. Reglur og ákvarðanir KSÍ eru bindandi fyrir aðila að KSÍ, félög, leikmenn, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.
- 3.3. KSÍ og aðildarfélög þess skulu hlíta valdi FIFA og UEFA vegna skipulagningar leikja og móta landsliða og félaga á alþjóðavettvangi og skulu ekki vera þátttakendur í leikjum eða mótum á alþjóðavettvangi án samþykkist FIFA eða UEFA. KSÍ skal vera bundið af ákvörðunum FIFA og UEFA um alþjóðlega landsleikjadaga. Jafnframt skal KSÍ ekki vera í sambandi við knattspyrnusamband sem er ekki aðili að FIFA eða UEFA nema með samþykki FIFA eða UEFA.

II. AÐILD AÐ KSÍ**4. grein - Réttur á aðild**

- 4.1. Öll félög innan ÍSÍ, er iðka og keppa í knattspyrnu, eru aðilar að KSÍ.

5. grein - Réttindi og skyldur aðildarfélaga

- 5.1. Aðildarfélag hefur rétt til að taka þátt í mótum, sem skipulögð eru af KSÍ.

- 5.2. Aðildarfélagi er skylt að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru eða teknar af KSÍ, UEFA eða FIFA.
- 5.3. Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómarmenn og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir KSÍ, UEFA eða FIFA.
- 5.4. Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ er skylt að virða ákvarðanir stjórnar KSÍ, nefnda KSÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.
- 5.5. Félag sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ skal senda knattspyrnusambandinu ársskýrslu sína.
- 5.6. Knattspyrnuserráðin (héraðssambönd/íþróttabandalög) skulu senda stjórn KSÍ skýrslu um öll knattspyrnumót, sem haldin eru innan umdæmisins.
- 5.7. Ársskýrslur sérráða (héraðssambanda/íþróttabandalaga) og upplýsingar um stjórnir þeirra skulu sendar stjórn KSÍ innan mánaðar frá aðalfundi.
- 5.8. Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að koma í veg fyrir lyfjamisnotkun.
- 5.9. Aðildarfélög KSÍ skulu halda bókhald yfir starfsemi sína sem fullnægir góðum bókhaldsvenjum.
- 5.10. Félag sem er aðili að KSÍ skuldbindur sig til þess að vera ekki aðili að öðru knattspyrnusambandi eða taka þátt í mótum á vegum annars knattspyrnusambands nema með sérstöku samþykki KSÍ, hins knattspyrnusambandsins, FIFA eða UEFA.
- 5.11. Aðildarfélag er brýtur gegn ofangreindum skyldum skal hlíta viðurlögum þeim sem nánar eru ákvörðuð í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.
- 5.12. Leikmenn aðildarfélaga skulu verða skráðir í samræmi við reglugerð KSÍ.

6. grein - Aðrar skyldur

- 6.1. Aðildarfélög, KSÍ, leikmenn og aðrir innan KSÍ skuldbinda sig til að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulögin og í samræmi við lög og reglur FIFA/UEFA.

III. SKIPULAG KSÍ

7. grein - Stjórnkerfi KSÍ

- 7.1. Málefnum KSÍ stjórna:
 - a. Knattspyrnuþingið, sem fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög.
 - b. Stjórn KSÍ og/eða aðalstjórn KSÍ, sem fer með æðsta vald í málefnum KSÍ á milli knattspyrnuþinga. Þegar fjallað er um stjórn KSÍ í lögum þessum á það jafnt við um stjórn KSÍ og aðalstjórn KSÍ og eru ákvarðanir aðalstjórnar KSÍ jafngildar og ákvarðanir stjórnar KSÍ.
 - c. Framkvæmdastjórn, sem kalla má á ef ekki næst að boða stjórn KSÍ til fundar og fyrir liggur mál sem krefst tafarlausrar umfjöllunar KSÍ.
 - d. Fastanefndir KSÍ, sem vinna skv. lögum og reglugerðum knattspyrnusambandsins og starfsreglum, sem stjórn KSÍ setur þeim.
 - e. Sérstakar nefndir, sem skipaðar eru og starfa að afmörkuðum málefnum
 - f. Framkvæmdastjóri KSÍ, sem ber ábyrgð á daglegum rekstri knattspyrnusambandsins og skrifstofu KSÍ, sem sér um daglega umsýslu verkefna.
- 7.2. Leyfisnefndir taka ákvörðun um þátttökuleysi til keppni í Íslandsmótum og í keppnum á vegum UEFA og starfa skv. leyfishandbók sem samþykkt er af stjórn KSÍ og staðfest af UEFA. Þær eru:
 - a. Leyfisráð.
 - b. Leyfisdomur.
- 7.3. Dómstig KSÍ eru:
 - a. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.
 - b. Áfrýjunardómstóll KSÍ.

IV. KNATTSPYRNUÞING

8. grein - Boðun

- 8.1. Knattspyrnuþing skal halda árlega, eigi síðar en 15. febrúar. Stjórn KSÍ ákveður þingstað og skal boða bréflaga til þingsins með minnst tveggja mánaða fyrirvara.

9. grein - Réttur til þingsetu

- 9.1. Knattspyrnuþingið sitja fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.

- 9.2. Fulltrúafjöldi þeirra ákvarðast af þátttöku félaga í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:
- Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 0. deild karla eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar,
 - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar,
 - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar,
 - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðstu deild karla eða kvenna á komandi leiktíð, komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks 3 leiktíðir af síðustu 5, þar sem ein skal vera sú síðasta,
 - fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli aðila að liðinu,
 - fyrir héraðssamband komi þó að minnsta kosti einn fulltrúi.
- 9.3. Fulltrúafjöldi vegna félags skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a. til f. sem gefur flesta fulltrúa.
- 9.4. Aðeins sá, sem er í knattspyrnufélagi innan héraðssambands eða íþróttabandalags, er kjörgengur fulltrúi þess á knattspyrnuþingi.
- 9.5. Á knattspyrnuþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar atkvæðisrétt og skulu þeir skráðir á kjörbréf viðkomandi aðila. Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er hægt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis.
- 9.6. Aðilar sem eru í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót, missa rétt til þingsetu. Kjörbréfanefnd ber að ganga úr skugga um, að þessu ákvæði sé framfylgt.
- 9.7. Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
- Stjórnarmenn KSÍ.
 - Framkvæmdastjóri KSÍ.
- 9.8. Jafnframt hafa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi:
- Heiðursformenn KSÍ.
 - Nefndarmenn fastanefnda KSÍ.
 - Dómarar í dómstólum KSÍ.
 - Endurskoðandi reikninga KSÍ og skoðunarmenn.
 - Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ.
 - Fulltrúi menntamálaráðuneytis.
 - Tveir fulltrúar Knattspyrnudómarasambands Íslands.
 - Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.
- 9.9. Auk þess getur stjórn KSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

10. grein - Málefni

- 10.1. Málefni þau, er aðilar að knattspyrnusambandinu óska eftir að tekin verði fyrir á knattspyrnuþingi, skulu tilkynnt stjórn KSÍ minnst mánuði fyrir þingsetningu.
- 10.2. Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir boðað knattspyrnuþing KSÍ, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist.
- 10.3. Eigi síðar en viku fyrir boðað knattspyrnuþing, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

11. grein - Dagskrá

- 11.1. Dagskrá knattspyrnuþings eru:
- Þingsetning og staðfesting lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
 - Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
 - Kosning fyrsta og annars þingforseta.
 - Kosning fyrsta og annars þingritara.
 - Ávörp gesta.
 - Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.
 - Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
 - Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
 - Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
 - Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
 - Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu.
 - Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
 - Önnur mál.
 - Kosningar. Álit kjörnefndar.
 - Kosning stjórnar.

1. Kosning formanns (annað hvert ár).
 2. Kosning 4ra manna í aðalstjórn.
 3. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum í stjórn.
 4. Kosning 3ja varamanna í aðalstjórn.
 5. Kosning 4ra varamanna úr landsfjórðungum í stjórn.
 - b. Kosning fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ.
 - c. Kosning sjálfstæðra og óvilhallra skoðunarmanna reikninga (2 aðalmenn og 2 varamenn).
 - d. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).
 - e. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn).
 - f. Kosning í leyfisdóm KSÍ (5 menn).
 - g. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn).
 - h. Kosning kjörnefndar, 3ja manna, er starfi milli þinga.
 - i. Kosning endurskoðanda.
15. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.
16. Þingslit.
- 11.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

12. grein - Atkvæðagreiðsla

- 12.1. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á knattspyrnuþingi, nema um lagabreytingar sé að ræða, en þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Meiri en helmingur þingfulltrúa þurfa að vera mættir á knattspyrnuþing svo atkvæðagreiðsla teljist gild en af öðrum kosti skal boða til annars knattspyrnuþings innan 7 daga.
- 12.2. Þingfulltrúar á knattspyrnuþingi greiða atkvæði um mál með handaupprettingu. Ef ¼ þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu, skal þingforseti verða við ósk þeirra.
- 12.3. Ákvarðanir sem teknar eru á knattspyrnuþingi skulu taka gildi strax nema annað sé ákveðið á knattspyrnuþingi.

13. grein - Aukaþing

- 13.1. Aukaþing skal kalla saman, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar KSÍ eða helmingur aðildarfélaga óskar þess skriflega við stjórn KSÍ. Allur boðunar- og tilkynningarfræstur til aukaþings skal vera helmingi styttri en til reglulegs knattspyrnuþings.
- 13.2. Málefni þau, er aðilar að knattspyrnusambandinu óska eftir að tekin verði fyrir á aukaþingi, skulu tilkynnt stjórn KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þingsetningu.
- 13.3. Eigi síðar en viku fyrir boðað aukaþing, skal stjórn KSÍ senda aðildarfélögum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist.
- 13.4. Fulltrúar hvers aðila á aukaþingi skulu vera jafnmargir og á næsta reglulega þingi á undan. Nýtt kjörbréf skal gefið út fyrir hvern aðila.
- 13.5. Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.
- 13.6. Að öðru leyti gilda um aukaþing sömu ákvæði og um reglulegt knattspyrnuþing.

V. STJÓRN KSÍ

14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

- 14.1. Stjórn KSÍ skipa
- a. formaður,
 - b. 8 meðstjórnendur, sem sitja í aðalstjórn ásamt formanni,
 - c. 4 meðstjórnendur, einn frá hverjum landsfjórðungi.
- 14.2. Varamenn í aðalstjórn taka sæti í stjórninni, ef aðalmaður forfallast, og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir. Varamenn frá landsfjórðungum taka sæti í stjórninni í forföllum aðalmanns frá viðkomandi landsfjórðungi.

15. grein - Kosning stjórnar KSÍ

- 15.1. Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning skal fara þannig fram:

- a. Kosning formanns, annað hvert ár, til tveggja ára í senn.
 - b. Kosning 4ra manna í aðalstjórn til tveggja ára, en fjórir menn ganga úr aðalstjórn á hverju ári.
 - c. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungunum í stjórn til eins árs.
 - d. Kosning 3ja manna til vara í aðalstjórn til eins árs.
 - e. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungunum til vara til eins árs.
- 15.2. Tilkynning um framboð til embættis formanns eða stjórnar KSÍ skal berast skrifstofu KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þing. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan tilkynningarfrests.
- 15.3. Allar kosningar til embættis formanns og stjórnar KSÍ eru leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt, ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á.
- 15.4. Til þess að ná kjöri sem formaður KSÍ, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn, sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða. Verði þeir jafnir skal kjósa á ný með sama hætti og verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.
- 15.5. Við kosningu á milli manna vegna annarra embætta á knattspyrnuþingi gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Fáí fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

16. grein - Verkaskipting stjórnar KSÍ

- 16.1. Stjórn KSÍ kys varaformann, ritara og gjaldkera úr hópi aðalstjórnarmanna til eins árs í senn.
- 16.2. Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar minnst 4 sinnum á ári, en aðalstjórn eins oft og þurfa þykir. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Ef 5 aðalmenn óska eftir fundi, skal formaður boða til hans. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundi en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.
- 16.3. Aðalstjórn skal velja 2 menn úr sínum hópi til að sitja í 5 manna framkvæmdastjórn ásamt formanni, gjaldkera og formanni mótanefndar. Framkvæmdastjórn fer með, ef miklir hagsmunir eru í húfi og ekki mögulegt að boða til sérstaks stjórnarfundar, ákvörðunarvald stjórnar á milli stjórnarfunda. Formaður KSÍ stýrir fundum framkvæmdastjórnar.
- 16.4. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum.
- 16.5. Framkvæmdastjóri KSÍ fer með prókúru en allar meiriháttar skuldbindingar hálfu KSÍ skulu samþykktar af stjórn.

17. grein - Starfssvið stjórnar KSÍ

- 17.1. Starfssvið stjórnar KSÍ er
1. að framkvæma ályktanir knattspyrnuþings,
 2. að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ,
 3. að ráða framkvæmdastjóra til starfa skv. starfslýsingu,
 4. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
 5. að setja nauðsynlegar reglur um knattspyrnumál á Íslandi,
 6. að annast útgáfu á knattspyrnulögunum og reglugerðum fyrir knattspyrnu, er jafnan séu í samræmi við alþjóðareglur,
 7. að hafa yfirstjórn með landsmótum,
 8. að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót á Íslandi í samræmi við alþjóðlega leikdaga í samræmi við ákvarðanir FIFA og UEFA,
 9. að taka ákvarðanir um þátttöku íslenskra knattspyrnuliða í alþjóðamótum,
 10. að tefla fram landsliðum og félagliðum í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi,
 11. að ráða landsliðsþjálfara til starfa,
 12. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu,
 13. að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði,
 14. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KSÍ ná ekki yfir,
 15. að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.
- 17.2. Stjórn KSÍ lítur eftir því að lög KSÍ, reglugerðir KSÍ og leikreglur séu haldin og getur hún vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir

KSÍ eru ekki fullnægjandi getur hún tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum þessum.

- 17.3. Stjórn KSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum, sem gilda á hverjum tíma.

18. grein - Reglugerðir

- 18.1. Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.
- 18.2. Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KSÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með dreifibréfi.
- 18.3. Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar KSÍ.

VI. NEFNDIR KSÍ

19. grein - Fastanefndir

- 19.1. Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:
- Dómaranefnd
 - Fjárhagsnefnd
 - Fræðslunefnd
 - Laga- og leikreglnanefnd
 - Landsliðsnefndir
 - Mannvirkjanefnd
 - Mótanefnd
 - Samninga- og félagaskiptanefnd
 - Útbreiðslunefnd
- 19.2. Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.
- 19.3. Formaður fastanefndar skal vera stjórnarmaður KSÍ, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Formaður boðar til funda og stýrir þeim.

20. grein - Dómaranefnd

- 20.1. Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum KSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu knattspyrnulaganna á íslensku og sér um að dómamar framfylgi þeim. Dómaranefnd skal að mestu vera skipuð reynslumiklum fyrrverandi dómurum.

21. grein - Fjárhagsnefnd

- 21.1. Fjárhagsnefnd hefur umsjón með fjármálum KSÍ og gerir tillögu að fjárhagsáætlun. Nefndin annast eftirlit og skoðar reglulega framgang rekstraráætlana sambandsins.

22. grein - Fræðslunefnd

- 22.1. Fræðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál KSÍ og annast sér í lagi menntun knattspyrnuþjálfara og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu.

23. grein - Laga- og leikreglnanefnd

- 23.1. Laga- og leikreglnanefnd er stjórn KSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur sem berast fyrir knattspyrnuþing og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

24. grein - Landsliðsnefndir

- 24.1. Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni, skipuleggja undirbúning þeirra og annast samskipti við starfsmenn liðanna.

25. grein - Mannvirkjanefnd

- 25.1. Mannvirkjanefnd er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um knattspyrnumannvirki. Nefndin annast flokkun knattspyrnuvalla og gerir tillögur til stjórnar KSÍ um veitingu keppnisleyfa fyrir leikvelli.

26. grein - Mótanefnd

- 26.1. Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála KSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

27. grein - Samninga- og félagaskiptanefnd

- 27.1. Samninga- og félagaskiptanefnd hefur eftirlit með félagaskiptum leikmanna og samningum leikmanna við aðildarfélög KSÍ. Nefndin starfar skv. reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna og reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.

28. grein - Útbreiðslunefnd

- 28.1. Útbreiðslunefnd vinnur að eflingu knattspyrnunnar og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins.

29. grein - Aðrar nefndir

- 29.1. Knattspyrnuþing KSÍ getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir, sem starfa á milli knattspyrnuþinga, til að fjalla um málefni, sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.
29.2. Stjórn KSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

VII. AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND KSÍ**30. grein - Aga- og úrskurðarnefnd**

- 30.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra fimm mönnum. Skulu þeir kosnir á knattspyrnuþingi til tveggja ára í senn.
30.2. Nefndin starfar skv. aga- og úrskurðarreglum KSÍ og skulu a. m. k. þrjú taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.
30.3. Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.

VIII. FRAMKVÆMDASTJÓRI OG SKRIFSTOFA**31. grein - Framkvæmdastjóri KSÍ**

- 31.1. Framkvæmdastjóri KSÍ er ráðinn af stjórn knattspyrnusambandsins skv. ráðningarsamningi.
31.2. Framkvæmdastjóri stjórnar og ber ábyrgð á rekstri, skrifstofu og starfsmannahaldi KSÍ.
31.3. Framkvæmdastjóri KSÍ getur vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar.

32. grein - Skrifstofa KSÍ

- 32.1. Skrifstofa annast daglega umsýslu verkefna KSÍ undir stjórn og ábyrgð framkvæmdastjóra.

IX. KNATTSPYRNUMÓT**33. grein - Knattspyrnumót**

- 33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 4 deildir, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum og 3. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í þremur efstu deildunum.
33.2. Í 0. deild Íslandsmóts meistaraflokks kvenna skulu vera 10 lið og í 1. deild skulu vera þau lið, sem ekki eiga sæti í efstu deild.
33.3. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn 0. deildar karla og kvenna.

- 33.4. Í öllum landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.
- 33.5. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

34. grein - Hlutfélög

- 34.1. Þátttökuréttur í mótum á vegum KSÍ er bundinn við aðildarfélög. Aðildarfélög geta með skriflegum samningi falið sérstökum hlutfélögum rekstur tiltekinna þátta starfsemi sinnar. Aðildarfélagið skal fara með meirihluta atkvæða á aðalfundi hlutfélagsins og megintilgangur hlutfélagsins skal vera bundinn við rekstur íþróttafélags og tengd efni. Eftirfarandi skal koma fram í samningi aðila:
- Hlutfélagið skuldbindur sig til að fara eftir lögum þessum, ákvörðunum KSÍ, reglugerðum KSÍ, starfsreglum KSÍ og gangast undir allar þær sömu skyldur og aðildarfélög bera samkvæmt lögum þessum.
 - Leikmenn skulu vera félagar í aðildarfélaginu.
 - Aðildarfélagið skal halda áfram starfsemi sinni svo það fullnægi öllum kröfum sem gerðar eru til aðildar þess í lögum þessum.
 - Hlutfélagið getur með engum hætti framselt rétt sinn gagnvart aðildarfélaginu, hvaða nafni sem kann að nefnast.
 - Ef hlutfélagið verður gjaldþrota eða lagt niður með öðrum hætti þá færast öll réttindi skv. samningi aðila aftur til aðildarfélagsins.
 - Hlutfélagið skuldbindur sig til að upplýsa og afhenda KSÍ öll þau gögn sem krafist er varðandi rekstur félagsins og nær þetta einnig til leyfiskerfis KSÍ.
 - Samning aðila skal leggja fyrir stjórn KSÍ innan 7 daga frá dagsetningu hans og tekur ekki gildi fyrr en við samþykki stjórnar KSÍ.
- 34.2. Ekki er heimilt að fleiri en eitt aðildarfélag sé með samning við eitt og sama hlutfélagið né að hlutfélagið eigi hluti í öðru hlutfélagi sem er með slíkan samning við aðildarfélag. Jafnframt mega eigendur hlutfélags með samning við aðildarfélag ekki vera í nánnum tengslum við annan aðila með slíkan samning. Með nánnum tenglum er átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast, með beinum eða óbeinum hætti, eignarhaldi á minnst 5% hlutfjár eða yfirráð yfir 5% af atkvæðisrétti.
- 34.3. Ef brotið er gegn ákvæði þessi þá getur stjórn KSÍ fellt úr gildi samning sem áður var samþykktur.
- 34.4. Stjórn KSÍ setur nánari reglur varðandi hlutfélög í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og/eða öðrum reglugerðum þar sem við á.

35. grein - Leyfiskerfi

- 35.1. Félög, sem eiga rétt á þátttöku í 0. og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflakki karla skulu árlega sækja um þátttökuleyfi.
- 35.2. Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur KSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál. Kröfurnar eru byggðar á samræmdum staðli UEFA og íslenskum aðstæðum.
- 35.3. Stjórn KSÍ skal gefa út leyfishandbók KSÍ, sem gerir grein fyrir ofangreindum kröfum og leyfisferlinu. Leyfishandbókin skal vera samþykkt af UEFA.
- 35.4. Leyfisnefndir, kjörnar á knattspyrnuþingi, stýra leyfisferlinu ásamt leyfisstjóra sem starfar á skrifstofu KSÍ.

X. ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLL KSÍ

36. grein – Almenn

- 36.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól.

37. grein – Skipun

- 37.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 5 löglærðum til vara.
- 37.2. Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi og kys dómstóllinn sér forseta.
- 37.3. Dómstóllinn starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ og skulu a. m. k. þrír fara með mál og skipar forseti í dóminn í hverju máli fyrir sig.

38. grein - Áfrýjanir

- 38.1. Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd.
- 38.2. Ákvarðanir dómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

39. grein - Lögsaga o.fl.

- 39.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á.
- 39.2. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir nefndum innan KSÍ en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum.
- 39.3. Ágreiningsmál aðila innan vébanda KSÍ gagnvart aðila innan vébanda erlends knattspyrnusambands skal fara með samkvæmt reglum FIFA eða UEFA og hefur FIFA eða UEFA lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir FIFA eða UEFA í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila en ákvörðunum FIFA eða UEFA er hægt að skjóta til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS) í Lausanne í Sviss sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-related Arbitration). Er sú niðurstaða endanleg og bindandi fyrir aðila.

XI. VIÐURLÖG OG REFSINGAR**40. grein - Viðurlög**

- 40.1. Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum KSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart einstaklingum og félögum:
- aðvörun,
 - ávítur,
 - sekt,
 - skil verðlauna.
- 40.2. Þær refsingar sem hægt er að beita gagnvart einstaklingum eru eftirfarandi:
- áminning,
 - brottvísun,
 - leikbann,
 - bann frá búningasklefum og/eða varamannabekk,
 - bann frá leikvangi,
 - bann frá allri þátttöku í knattspyrnu.
- 40.3. Þær refsingar sem hægt er að beita gagnvart félögum eru eftirfarandi:
- félagaskiptabann,
 - leika án áhorfenda,
 - leika á hlutlausum velli,
 - bann að leika á tilteknum leikvelli,
 - ógilding leiks,
 - brottvísun úr móti,
 - ósigur í leik,
 - stig frádregin,
 - fall í lægri deild,
 - dagsektir.
- 40.4. Önnur viðurlög og refsingar er lög eða reglugerðir KSÍ tiltaka.

XII. REIKNINGAR

41. grein - Reikningsárið

- 41.1. Reikningsár KSÍ er almanaksárið.
- 41.2. Reikningar KSÍ skulu undirritaðir af formanni, gjaldkera, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum reikninga.
- 41.3. Endurskoðendur KSÍ skulu vera sjálfstæðir og óháðir KSÍ.
- 41.4. Reikningar KSÍ skulu áritaðir af kjörnum endurskoðanda.

XIII. ÝMIS ÁKVÆÐI

42. grein - Réttindi

- 42.1. KSÍ og félögin innan KSÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótahaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Þessi réttur nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.
- 42.2. Stjórn KSÍ skal setja nauðsynlegar reglur um nýtingu þessara réttinda.

43. grein - Heiðursformaður

- 43.1. Knattspyrnuþing má kjósa heiðursformann Knattspyrnusambands Íslands, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.
- 43.2. Heiðursformenn KSÍ hafa rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á knattspyrnuþingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn KSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

44. grein - Önnur atvik

- 44.1. Stjórn KSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi knattspyrnuna innan vébanda ÍSÍ, sem lög þessi eða reglugerðir KSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.
- 44.2. Er stjórn KSÍ heimilt að beita þeim viðurlögum sem getið er í lögum þessum ef slík atvik koma upp er getið er í 1. mgr.

45. grein - Sambandslit

- 45.1. Tillögu um að leggja KSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu knattspyrnuþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða.
- 45.2. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni, og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings, taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja KSÍ niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum KSÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar knattspyrnuþróttar í landinu.

46. grein - Lagabreytingar

- 46.1. Lögum þessum má breyta á reglulegu knattspyrnuþingi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Tillögur þar um skulu hafa borist til stjórnar KSÍ innan lögbundins frests sbr. 10. gr.
- 46.2. Breytingar á lögum þessum öðlast gildi við samþykki þeirra á reglulegu knattspyrnuþingi og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

47. grein - Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi við samþykki þeirra á knattspyrnuþingi í febrúar 2007 og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ og falla þá eldri lög úr gildi.

Bráðabirgðaákvæði***Kosning aga- og úrskurðarnefndar***

Knattspyrnuþing 2007, sem samþykkir lög þessi skal kjósa aðila í aga- og úrskurðarnefnd skv. lögum þessum. Mun aga- og úrskurðarnefnd taka til starfa þegar löggin taka gildi, við staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ og starfa fram að næsta knattspyrnuþingi 2008. Fellur þá jafnframt úr gildi kosning í dómstól KSÍ.

Kosning leyfissráðs, leyfisdóms og endurskoðanda

Knattspyrnuþing 2007 skal jafnframt kjósa með sama hætti í leyfissráð KSÍ, í leyfisdóm KSÍ og endurskoðanda.

Fjöldi liða í Landsbankadeild karla og 2. deild karla 2007

Grein 33.1. tiltekur að fjöldi þátttökuliða í 0. deild og 2. deild í Íslandsmóti meistaraflokks karla skuli vera 12 og tekur ákvæði 33.1. ekki gildi fyrir en á keppnistímabilinu 2008. Fjöldi þátttökuliða í fyrrnefndum deildum verður því 10 keppnistímabilið 2007.

Fjöldi liða í Landsbankadeild kvenna 2007

Grein 33.2. tiltekur að fjöldi þátttökuliða í 0. deild í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skuli vera 10 og tekur ákvæði 33.2. ekki gildi fyrir en á keppnistímabilinu 2008. Keppnistímabilið 2007 skal fjöldi þátttökuliða vera 9.

Aðlögun vegna hlutafélaga

Veitt er aðlögun að 34. gr. varðandi hlutafélög og tekur ákvæðið gildi þann 1. janúar 2009.

Greinargerð

Á 58. ársþingi KSÍ í febrúar 2004 var samþykkt eftirfarandi tillaga stjórnar KSÍ:

“Ársþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að skipa 3 manna laganefnd sem starfi milli þinga og vinni að gerð nýrra laga fyrir KSÍ og endurskoðun á reglugerðum sambandsins. Nefndin skal hafa til hliðsjónar núgildandi lög KSÍ og ÍSÍ; og kröfur um nauðsynleg ákvæði sem aðildarsamband UEFA og FIFA. Reglugerðir sambandsins skulu endurskoðaðar m.t.t. nýrra laga og skal sér í lagi skoðað ferli aga- og úrskurðarmála.”

Í greinargerð kom fram að bæði UEFA og FIFA störfuðu skv. nýjum lögum og nauðsynlegt væri að KSÍ mið af ákvörðunum þessara samtaka sem og breytingum á skipulagi aðildarfélaga. Þá væri einnig brýnt að endurskoða ýmsar reglugerðir.

Í millipinganefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður
Steinar Þór Guðgeirsson

Halldór B. Jónsson

Með nefndinni starfaði Geir Þorsteinsson framkvæmdastjóri KSÍ.

Nefndinni var falið að leggja fram nýja tillögu að lögum og nýjum reglugerðum í framhaldi af því, sem var umfangsmikið verk. Nefndin skipti með sér verkum, þannig að vinna við mismunandi verkþætti (reglugerðir) var í umsjón mismunandi nefndarmanna. Nefndin stefndi að því að skila af sér á 60. ársþingi KSÍ, en eins og þar kom fram tókst henni ekki ljúka stöfum fyrir þann tíma, m.a. vegna ýmissa ábendinga frá FIFA og UEFA, sem komu seint fram og taka þurfti tillit til í nýjum lögum. Nokkuð endanleg drög að nýjum lögum KSÍ lágu svo fyrir síðla sumars 2006. Drögin voru þýdd á ensku og send FIFA og UEFA til skoðunar og samþykktar. Nokkrar minni háttar athugasemdir komu frá FIFA sem taka þurfti tillit til. Drögin í þeirri mynd voru svo kynnt á formannafundi með félögum þann 18. nóvember síðastliðin, og þær tillögur að nýjum lögum KSÍ sem hér eru lagðar fram eru samhljóða þeim drögum að frátöldum nokkrum minni háttar orðalagsbreytingum, og breytingum tengdum þeim hugmyndum sem nú virðist nokkuð góð sátt um varðandi fjölgun í deildum.

Vinna við endurskoðun reglugerða var ekki auðveld meðan texti nýrra laga lá ekki fyrir fullmótaður, en er nú komin í gang. Ný útgáfa af leyfishandbók KSÍ nr. 2 lá fyrir sl. haust og hefur verið samþykkt af UEFA, en vinna við aðrar reglugerðir mun halda áfram á þessu ári og nauðsynlegar breytingar gerðar.

Í nýjum lögum KSÍ hefur verið komið til móts við kröfur FIFA og UEFA um skylduákvæði auk þess sem ýmsum ákvæðum hefur verið bætt við, öðrum breytt og uppsetning löguð til þess að auka skýrleika þeirra. Helstu nýjungar eru:

- i) Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laganna.
- ii) Breyting er gerð á dómstigum KSÍ, þau eru áfram tvö, en fyrsta stig verður aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, sem tekur yfir núverandi starf Dómstóls KSÍ og aganefndar KSÍ. Áfrýjunarstigið verður áfram Áfrýjunardómstóll KSÍ. Kafla um viðurlög og refsingar er nú bætt við lögina.
- iii) Grunnskipulag deildarkerfis Íslandsmótsins í meistaraflokki er nú sett í lögina. Í nýjum lögum er gert ráð fyrir að í efstu þremur deildum karla leiki 12 lið og 10 lið í Landsbankadeild kvenna. Sérstakt bráðabirgðaákvæði kveður hins vegar á um að í Landsbankadeild karla verði 10 lið árið 2007 og í 2. deild karla verði 10 lið árið 2007. Á sama hátt er kveðið á um að í Landsbankadeild kvenna verði 9 lið árið 2007, en það er lagt til í kjölfar kærumáls frá sl. hausti vegna aukakeppni um sæti í Landsbankadeild kvenna.
- iv) Skýrar er kveðið á um leyfiskerfið.
- v) Fastanefndir KSÍ eru betur skilgreindar.
- vi) Inn í lögina kemur nýtt ákvæði um hlutafélag og samning sem aðildarfélag getur gert við hlutafélag um rekstur knattspyrnustarfsemi þess. Í lögnum er gert grein fyrir þeim skilyrðum sem slíkur samningur þarf að uppfylla. Í sérstöku bráðabirgðaákvæði er gert ráð fyrir aðlögun að þessu til 1. janúar 2009.

Með samþykkt nýrra laga KSÍ er nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á reglugerðum KSÍ og verður unnið að því í kjölfar ársþingsins. Í tengslum við fjölgun í deildum er rétt að gera fyrir eftirfarandi tillögu sem stjórn KSÍ hefur kynnt og sem hún mun gera á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót við samþykkt laganna.

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þarf stjórn KSÍ að setja nánari ákvæði, m.a. um færslu liða milli deilda ár hvert. Gert er ráð fyrir að 2 neðstu lið Landsbankadeildar, 1. deildar og 2. deildar flytjist niður um deild, en 2 efstu lið 1. deildar, 2. deildar og 3. deildar flytjist upp um deild.

Kveða þarf á um í reglugerðinni hvernig fjölgun skal gerð í lok tímabils 2007 með bráðabirgðaákvæði. Þetta bráðabirgðaákvæði mun hljóða svo:

Ákvæði til bráðabirgða 2007:

- Einungis neðsta lið Landsbankadeildar 2007 flyst í 1. deild, en 3 efstu lið 1. deildar 2007 flytjast í Landsbankadeild.
- Á sama hátt flyst einungis neðsta lið 1. deildar 2007 í 2. deild, en 3 efstu lið í 2. deild 2007 flytjast í 1. deild.
- Á sama hátt flyst einungis neðsta lið 2. deildar 2007 í 3. deild, en 5 efstu lið í 3. deild 2007 flytjast í 2. deild.

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þarf stjórn KSÍ að setja nánari ákvæði, m.a. um færslu liða milli deilda ár hvert. Gert er ráð fyrir að 2 neðstu lið Landsbankadeildar kvenna flytjist niður um deild, en 2 efstu lið 1. deildar flytjist upp um deild.

Kveða þarf á um í reglugerðinni hvernig fjölgun skal gerð í lok tímabils 2007 með bráðabirgðaákvæði. Þetta bráðabirgðaákvæði mun hljóða svo:

Ákvæði til bráðabirgða 2007:

- ÍR tekur sæti í Landsbankadeild kvenna 2007.
- Einungis neðsta lið Landsbankadeildar 2007 flyst í 1. deild, en 2 efstu lið 1. deildar 2007 flytjast í Landsbankadeild.

Laganefnd

- Halldór B. Jónsson tók til máls og skýrði bráðabirgðaákvæði.

Tillagan á þingskjali 7 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8

- Framsögu hafði Sigvaldi Einarsson.

**Tillaga um breytingu
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
– Varalið í mfl. karla og kvenna –**

Lagt er til að önnur grein í kafla 3.1. verði breytt þannig (viðbót feitletruð):

Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti, nema þegar reglur tiltekins móts heimila slíkt.

Í kafla 3.9.1.1, um Íslandsmót í meistaraflokki karla, bætist eftirfarandi grein.

Hvert félag hefur rétt til þess að senda tvö lið í deildakeppni Íslandsmótsins. B-liðið hefur keppni í neðstu deild og getur aðeins leikið í 2. og 3. deild, alltaf þó minnst einni deild neðar en A-lið sama félags.

Hlutgengir með B-liði eru allir þeir leikmenn viðkomandi félags sem ekki tóku þátt í næsta leik A-liðs á undan, á Íslandsmóti eða í bikarkeppni KSÍ.

Í kafla 3.9.10.1, um Íslandsmót í meistaraflokki kvenna, bætist eftirfarandi grein.

Hvert félag í Landsbankadeild kvenna hefur rétt til að senda B-lið sitt til keppni í 1. deild. Það getur ekki unnið sig upp um deild og ef það endar í fyrsta eða öðru sæti síns riðils, fara tvö efstu liðin sem ekki eru B-lið í úrslitakeppnina.

Hlutgengir með B-liði eru allir þeir leikmenn viðkomandi félags sem ekki tóku þátt í næsta leik A-liðs á undan, á Íslandsmóti eða í bikarkeppni KSÍ.

Greinargerð:

Það er ósk okkar að aðildarfélög KSÍ eigi þess kost að senda tvö meistaraflokkslið til keppni á Íslandsmótinu og í meistaraflokki karla sér þar með hægt að velja á milli þess að senda B-lið sitt í deildakeppnina eða í keppni U23 ára liða. Þátttaka B-liðs í deildakeppninni auðveldar félögum að halda utan um leikmannahópa sína og stuðlar að því að fleiri leikmenn eigi þess kost að halda áfram keppni undir merkjum síns félags eftir að þeir ganga upp úr 2. aldursflokki. Ennfremur fá þeir sem ekki spila reglulega með aðalliði viðkomandi félags aukin tækifæri til að halda sér í leikæfingu og taka framförum í keppni við hæfi. Í keppni U23 ára liða eru of fáir leikir til þess að um viðunandi tækifæri sé að ræða, og sú keppni er ekki tekin nægilega alvarlega af félögum og leikmönnum.

Með þessu fyrirkomulagi er jafnframt opnað fyrir það að ungir leikmenn fái fleiri tækifæri en ella til að öðlast keppnisreynslu í meistaraflokki hjá sínu félagi.

Við leggjum áherslu á að opnað sé fyrir þennan möguleika og það sé sett í hendur félaganna að ákveða hvort þau vilji nýta sér þennan valkost til að koma sér upp varaliði sem taki þátt í metnaðarfullri keppni.

HK

- Halldór B. Jónsson tók til máls og lagði til að tillögunni á þingskjali 8 væri vísað til stjórnar.
- Einar Jón Pálsson tók til máls og mælti gegn tillögunni en var samþykkur því að tillögunni yrði vísað til stjórnar og yrði endurskoðuð rækilega þar.

Samþykkt var að vísa tillögunni á þingskjali 8 til stjórnar til frekari umfjöllunar.

Þingskjal 9

- Framsögu hafði Hjalti Kristjánsson.

**Tillaga til ályktunar
– Bikarkeppni mfl. ka. –****Árshing KSÍ samþykkir breytingu á bikarkeppni mfl. karla sem hér greinir:**

Í stað 3.9.1.5.: „Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í Landsbankadeild.....að 6 lið komist áfram í aðalkeppnina....“ komi: „Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem ekki taka þátt í Evrópukeppni það árið, auk 12 efstu annarra liða árið áður og keppni liðanna hagað svo, að 12 lið komist áfram í aðalkeppnina(24 liða úrslit). Þar bætast við 12 efstu félögin fyrir utan félögin í Evrópukeppni, frá árinu áður. Í næstu umferð á eftir(16-liða úrslit) bætast svo við félögin 4, sem taka þátt í Evrópukeppni það árið. Skal undankeppni lokið eigi síðar en 15. júní.

Í stað 3.9.1.6.: „Aðalkeppnin skal hefjast...úr Landsbankadeild.“ komi: „Aðalkeppnin skal hefjast eftir 15. júní. Í fyrstu umferð aðalkeppni(24 liða úrslitum) skulu lið leika á heimavelli, ef þau eru úr neðri deild, en liðið, sem dregst á móti, annars ræður dráttur heimavelli. Öll liðin 24 geta dregist saman, óháð röðun í deildir.“

Greinargerð:

Okkur í KFS finnst, að mesti sjarmurinn hafi verið tekinn af Bikarkeppninni. Í fyrra hefði KFS þurft 4 leiki til að geta mætt liði úr efstu deild, en það er það, sem er langmest spennandi fyrir lítil félög við Bikarkeppnina. KFS mun því ekki verða með í Bikarkeppninni að óbreyttu fyrirkomulagi, a. m. k. ekki í ár. Það heyrðist í fjölmörgum íþróttáþáttum í fyrra gagnrýni á núverandi fyrirkomulag, hugmyndin um litla manninn, sem yfirbugar stóra manninn höfðar alltaf sterkt til fólks. Ekki hefur verið mikið um óvænt úrslit áður, en nánast er búið að útiloka ævintýralega sigra með núverandi fyrirkomulagi. Þar að auki eiga litlu félögin nánast enga möguleika orðið á að mæta stóru félögunum lengur, hvorki í Deildabikarkeppni eða annars staðar. Hér gæfist líka tækifæri fyrir yngri/óreyndari leikmenn í stærri félögunum að fá að spreyta sig. Ekki má gleyma að leikmenn í efstu deildunum eru oft fyrirmynd leikmanna í neðri deildunum og mikils virði fyrir neðri deildar leikmenn að fá að mæta „goðunum“. Okkur í KFS finnst afar lítið spennandi að borga stórfé fyrir að mæta liðum úr B-, C- og D-deild í undanrásum til að geta hugsanlega mætt félagi úr A-deild eftir ca. 4 tilraunir. Tekjur af slíkum leikjum eru líka nánast engar, en talsvert meiri ef um félag úr efstu deild er að ræða. Loks má ekki gleyma, að „okkar“ hugmynd gefur stuðningsmönnum neðri deildar félaga mun meiri möguleika á eftirminnilegum leikjum en núverandi fyrirkomulag.

Við teljum komið til móts við umkvartanir félaga í Evrópukeppni áður um of mikið leikjaálag með þessu „gamla“ fyrirkomulagi, eins við umkvörtunum um tilgangslausa leiki í 1. umferð aðalkeppninnar með möguleikanum hér á að 2 sterk félög lendi saman strax í 24 liða úrslitum. Við ákváðum því að fara þessa leið í tillögugerðinni, en aðrir ámóta möguleikar koma vel til greina af okkar hálfu.

Stjórn KFS

Ályktunartillagan á þingskjali 9 var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Þingskjal 10

- Framsögu hafði Halldór Valdimarsson.

**Tillaga til ályktunar
– Markverðir sem útspilarar –**

Ársþing KSÍ samþykkir að markverði í 3. 4. 5. og 6. flokki karla og kvenna skuli heimilt að leika sem útileikmaður með liði af öðrum styrkleika. Þannig er til dæmis markverði í A-liði heimilt að leika sem útileikmaður með B-liði og markverði í B-liði heimilt að leika sem útileikmaður í A-liði o.sfrv.

Greinargerð:

Í nútímaknattspyrnu eru sífellt gerðar meiri kröfur til þess að markverðir séu færir um að taka þátt í leiknum sem öftustu varnarmenn án þess að handleika knöttinn. Það yrði því liður í að auka knattfærni þeirra að gefa þeim tækifæri til að leika sem útspilarar í yngri flokkunum, jafnhliða því að æfa og leika sem markverðir.

Í yngri flokkunum er algengt að þessi háttur sé hafður á, þó það sé ekki leyft samkvæmt reglum, og þjálfarar biðja þá iðulega hverjir aðra leyfis til að nota markverðina á þennan hátt. Oft er þetta hluti af málamiðlun þjálfara við viðkomandi leikmenn til þess að fá þá til að einbeita sér að því að æfa sem markverðir. Við teljum því fulla ástæðu til þess að leyfa þessar færslur markvarðanna formlega í yngri aldursflokkunum.

HK

Tillagan á þingskjali 10 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

Þingskjal 11

- Framsögu hafði Unnsteinn Jónsson.

**Tillaga til ályktunar
– Landsliðsþjálfarar –**

Ársþing KSÍ samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar KSÍ að landsliðsþjálfarar sem ráðnir eru til sambandsins séu ekki þjálfarar viðkomandi aldursflokka hjá félagsliði á sama tíma og þeir eru í starfi sem landsliðsþjálfarar hjá KSÍ.

Greinargerð:

Ef landsliðsþjálfari er jafnframt þjálfari sömu aldursflokka hjá félagsliði stendur hann frammi fyrir því að geta valið eða þurfa að velja leikmenn úr leikmannahópi sem hann hefur yfir að ráða hjá sínu félagsliði í landsliðshóp. Auðvelt er að véfengja trúverðugleika hans, hætta er á hagsmunaárekstrum, og viðbúið að leikmenn úr hans félagsliði sem valdir eru, njóti ekki sannmælis annarra.

Þór A.

Ályktunartillagan á þingskjali 11 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 12

- Framsögu hafði Eggert Magnússon.

**Tillaga til ályktunar
- Áskorun -**

Árþing KSÍ fagnar skipun nefndar menntamálaráðherra um ferðasjóð íþróttafélaga og skorar á Alþingi að koma sem fyrst á laggirnar ferðasjóði íþróttafélaga og veita fé til hans þannig að hefja megi styrkveitingar til íþróttafélaga vegna ferðakostnaðar.

Greinargerð

Ferðakostnaður íþróttafélaga vegna keppni í opinberum mótum er mikill og hann er í raun þungur baggi á mörgum félögum, sér í lagi á landsbyggðinni. Löngu er orðið tímabært að komið sé til móts við íþróttahreyfinguna í þessu máli enda um hreint og klárt byggðamál að ræða.

Stjórn KSÍ

Ályktunartillagan á þingskjali 12 var samþykkt samhljóða.

Önnur mál

- Halldór B Jónsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu frá stjórn KSÍ:

Knattspyrnuþing 2007 samþykkir að kjósa Eggert Magnússon heiðursformann Knattspyrnusambands Íslands.

Greinargerð:

Tillagan er í samræmi við 43. grein nýrra laga KSÍ (16. grein í eldri lögum), sem hljóðar á eftirfarandi hátt:

43. grein - Heiðursformaður

43.1 Knattspyrnuþing má kjósa heiðursformann Knattspyrnusambands Íslands, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

43.2 Heiðursformenn KSÍ hafa rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á Knattspyrnuþingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn KSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

- Unnsteinn Jónsson tók til máls og ræddi um það mál sem upp kom í kjölfar leikja Þórs/KA og ÍR í aukakeppni kvenna. Hann lagði áherslu á það sem mætti læra af þessu máli.
- Hermann Ólafsson tók til máls og lagði áherslu á að þau félög sem eingöngu hafa yngri flokka fái rétt til þingsetu.

Kosningar

- Álit kjörnefndar flutti Unnsteinn Jónsson.

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda:

Kosning til formanns til tveggja ára:

Geir Þorsteinsson
Halla Gunnarsdóttir
Jafet Ólafsson

Þingforseti gaf frambjóðendum tækifæri til að kynna sig með stuttu ávarpi.

Kosning fór fram samkvæmt lögum KSÍ og féllu atkvæði þannig:

Geir Þorsteinsson, 86 atkvæði
Jafet Ólafsson, 29 atkvæði
Halla Gunnarsdóttir, 3 atkvæði

Geir Þorsteinsson var því réttkjörinn formaður KSÍ til tveggja ára.

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Guðjón Ólafur Jónsson
Guðrún Inga Sívertsen
Halldór B. Jónsson
Stefán Geir Þórisson
Vignir Már Þormóðsson

Kosning fór fram samkvæmt lögum KSÍ og féllu atkvæði þannig:

Guðrún Inga Sívertsen, 114 atkvæði
Halldór B. Jónsson, 113 atkvæði
Vignir Már Þormóðsson, 106 atkvæði
Stefán Geir Þórisson, 84 atkvæði
Guðjón Ólafur Jónsson, 55 atkvæði

Guðrún Inga Sívertsen, Halldór B. Jónsson, Vignir Þormóðsson og Stefán Geir Þórisson voru því réttkjörin í aðalstjórn KSÍ til tveggja ára.

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSS
Norðurland	Björn Friðbjólfsson, UMSE
Austurland	Guðmundur Ingvason, UÍA
Suðurland	Einar Friðbjólfsson, ÍBV

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

Kosning til varastjórnar til eins árs

Jóhannes Ólafsson
Kjartan Daníelsson
Þórarinn Gunnarsson

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs

Vesturland	Jón Páll Hreinsson, HSV
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Valdemar Einarsson, USÚ
Suðurland	Einar Jónsson, HSK

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttaping til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning skoðunarmanna KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Þórður Þorkelsson

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Sigurður G. Guðjónsson Guðmundur Pétursson Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Varamenn	Brynjar Níelsson Guðmundur Þórðarson Hörður Felix Harðarson Jóhannes Albert Sævarsson Lúðvík Örn Steinarsson

Kosning í dómstól KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í dómstól KSÍ til eins árs var samþykkt:

Ásbjörn Jónsson
Gunnar Guðmundsson
Halldór Frímannsson
Halldór Halldórsson
Hilmar Gunnlaugsson

Leyfisráð KSÍ og leyfidómur KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í leyfisráð og leyfidóm KSÍ til tveggja ára var samþykkt:

Leyfisráð KSÍ:

Lúðvík S. Georgsson formaður
Guðmundur H. Pétursson
Steinar Þór Guðgeirsson
Stefán Bergsson
Örn Gunnarsson

Leyfidómur KSÍ:

Sveinn Jónsson formaður
Elías Hergeirsson
Ragnar Gíslason
Rúnar Gíslason
Stefán Gunnlaugsson

Aga- úrskurðarnefnd KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til tveggja ára var samþykkt:

Kolbeinn Árnason, formaður
Gunnar Guðmundsson, varaformaður
Halldór Frímannsson, varaformaður
Einar M. Árnason

Helgi R. Magnússon
Sigrún S. Óttarsdóttir
Sigurður Ingi Halldórsson
Pröstur Ríkharðsson

Endurskoðandi

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Gísli Gíslason, formaður
Steinn Halldórsson
Unnsteinn Jónsson

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit

Þingforseti þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og fól Geir Þorsteinssyni nýkjörnum formanni KSÍ, að slíta þingi.

Formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, þakkaði þingforsetum og þingriturum fyrir góð störf. Þá þakkaði Geir Ingva Guðmundssyni fyrir hans miklu og góðu störf sem þingritara til fjölda ára, en þetta var í síðasta sinn sem hann gegndi því starfi. Geir þakkaði það traust sem sér var sýnt. Hann ítrekaði að það væri góð tengsl milli sín og forystumanna í knattspyrnuhreyfingunni og hvatti þá til að halda áfram að vera í góðu sambandi við sig. Geir þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir sín góðu störf og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjör þeirra. Hann þakkaði þingheimi fyrir góð störf og hvatti þingfulltrúa til að vinna áfram að framgangi knattspyrnunnar og óskaði þeim alls hins besta í störfum sínum. Hann þakkaði starfsfólki þingsins fyrir góð störf og óskaði þingheimi góðrar heimferðar.

Að svo loknu sleit Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, 61. ársþingi sambandsins.

Sveinn Jónsson
1. þingforseti
(sign.)

Ingvi Guðmundsson
1. þingritari
(sign.)

Steinn Halldórsson
2. þingforseti
(sign.)

Klara Bjartmarz
2. þingritari
(sign.)